

Borgarráð

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2017

agð er fram til kynningar minnisblað mannauðsdeildar um viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 2017, dags. 4. apríl 2017. Starfsánægja hjá Reykjavíkurborg eykst á milli ára samkvæmt könnuninni.

Greinargerð:

Könnunin var lögð fyrir starfsfólk borgarinnar dagana 23. febrúar til 20. mars sl. Heildareinkunn, sem er meðaltal allra þátta, er 4,09 en var 4,01 árið 2015 þegar viðhorfskönnun var síðast lögð fyrir starfsfólk. Lítil munur mælist á lykilárangursþáttum á milli fagsviða eins og sjá má í töflu hér að neðan, heildarniðurstöður eru á bilinu 4 til 4,2. Viðhorfskönnun á meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar er nú í fyrsta skipi kynnt í gegnum upplýsingakerfið Qlik Sense.

Tafla 2. Lykilárangursþættir eftir sviðum

	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL
Starfsánægja	4,1	4,4	4,2	4,3	4,2	4,2
Árangursníkir stjórnunarhættir	3,9	4,3	3,9	4,1	3,8	4,0
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,0	4,2	3,9	4,1	4,0	4,0
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,0	4,2	4,2	4,1	4,1	4,2
Heild	4,0	4,2	4,0	4,1	4,0	4,1

S. Björn Blöndal
e.u.

Hjálagt:

Minnisblað mannauðsdeildar um viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 2017, dags. 4. apríl 2017.

Til: Borgarráðs

Dagsetning: 4. apríl 2017

Efni: Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2017

Reykjavíkurborg mælir reglulega viðhorf starfsmanna til ýmissa þátta tengda vinnunni. Niðurstöður úr könnun sem lögð var fyrir nýlega koma vel út en hækkun er á flestum þáttum og hefur starfsánægja hjá Reykjavíkurborg aukist frá síðustu könnun. Könnunin var lögð fyrir starfsfólk borgarinnar dagana 23. febrúar til 20. mars 2017. Undanfarin ár hefur verið miðað við að könnunin sé send út til þeirra sem starfa í 30% starfshlutfalli eða meira en nú var reynt að ná til stærri hóps. Könnunin náði því til 8121 starfsmanns. Alls bárust 5226 svör og var svarhlutfallið því 64%. Í töflu 1 má sjá svarhlutfallið eftir sviðum.


Tafla 1. Svarhlutfall 2017

	Fjöldi svara 2017	Svarhlutfall 2017	2015	2013
Reykjavíkurborg	5226	64%	66%	68%
Íþrótta- og tólmundasvið	190	76%	82%	79%
Menningar- og ferðamálasvið	143	84%	65%	75%
Miðlæg stjórnslá	200	79%	81%	73%
Skóla- og frístundasvið	3214	66%	63%	71%
Umhverfis- og skipulagssvið	277	73%	79%	69%
Velferðarsvið	1202	55%	68%	58%

Heildareinkunn, sem er meðaltal allra þátta, er 4,09 en var 4,01 árið 2015. Ef niðurstöður lykilárangursþátta eru skoðaðar má sjá að hækkun hefur orðið á þeim öllum. Niðurstöður lykilárangursþátta eftir sviðum má sjá í töflu 2 og niðurstöður lykilárangursþátta fyrir Reykjavík í heild má sjá á mynd 1.


Tafla 2. Lykilárangursþættir eftir sviðum

	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL
Starfsánægja	4,1	4,4	4,2	4,3	4,2	4,2
Árangursríkir stjórnunarhættir	3,9	4,3	3,9	4,1	3,8	4,0
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,0	4,2	4,0	4,1	4,0	4,1
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,0	4,2	4,2	4,1	4,2	4,2
Heild	4,0	4,3	4,0	4,1	4,0	4,1



Mynd 1. Niðurstöður lykilárangursþátta

Tveir hæstu undirþættirnir eru metnaður (4,45) og tilgangur (4,40) sem eru sömu þættir og voru hæstir árið 2015. Tveir lægstu þættirnir eru hæfilegt vinnuálag (3,47) og starfsmannastöðugleiki (3,53) sem einnig voru lægstir árið 2015. Ef skoðaðar eru breytingar á þáttum á milli ára sést að allir þættir nema þrír hækka. Þættirnir þrír sem hafa lækkað eru hæfilegt vinnuálag, starfsmannastöðugleiki og starfsþróun. Mesta lækkun er á þættinum starfsmannastöðugleiki (-0,06). Þegar þættirnir sem hafa hækkað eru skoðaðir sést að mesta hækkun er á þáttunum móttaka nýliða (+0,17), starfsöryggi (+0,16) og jafnrétti og jafnræði (+0,16). Mynd 2 sýnir meðalskor þátta árið 2017.



Mynd 1. Meðalskor þátta 2017.

Viðhorfskönnun á meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar er nú í fyrsta skipi kynnt í gegnum upplýsingakerfið Qlik Sense og verða ekki prentaðar skýrslur eins og undanfarin ár. Borgarfulltrúar og allir stjórnendur koma til með að geta nálgast niðurstöður í gegnum smáforritið Viðhorfskönnun inn í Qlik Sense.

Nánari skýring á lykilárangursþáttum:

Lykilárangursþátturinn hæfir og áhugasamir starfsmenn samanstendur af undirþáttunum: metnaður, starfsmannastöðugleiki, tilgangur, starfsánægja og starfsþróun. Árangursríkir stjórnunarhættir inniheldur undirþættina frumkvæði, starfsþróun, stjórnun og viðurkenning. Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi inniheldur flesta þættina sem eru hæfilegt vinnuálag, ímynd, jafnrétti og jafnræði, markmið og árangur, móttaka nýliða, starfsandi, starfsöryggi, sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði og vinnuaðstaða. Starfsánægja er undirþáttur sem samanstendur af tveimur spurningum.